



Lúxemborg, 5. febrúar 2025

FRÉTTATILKYNNING 01/2025

Dómur í máli E-17/24 *Söderberg & Partners AS gegn Gable Insurance AG in Konkurs*

FORGANGSRÉTTUR FRAMSELDRA VÁTRYGGINGARKRAFNA VIÐ SLITAMEDFERÐ

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit við spurningu sem barst frá áfrýjunardómstóli Liechtenstein (*Fürstliches Obergericht*) varðandi túlkun á tilskipun 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga („Solvency II tilskipunin“).

Málið snýr að því hvort váttryggingarmiðlarar geti eignast váttryggingarkröfur viðskiptavina sinna sem njóta forgangs í innlendri slitameðferð, sem gerir þeim kleift að greiða tafarlaust út bætur við gjaldþrot váttryggingarfélag. Þetta er þriðja málið sem höfðað er fyrir dómstólnum varðandi sömu slitameðferðina (sjá dóma frá 10. mars 2020 í *Gable Insurance AG in Konkurs* („*Gable I*“), E-3/19, og frá 25. febrúar 2021 í *SMA SA and Société Mutuelle d'Assurance du Batiment et des Travaux Publics gegn Finanzmarktaufsicht* („*Gable II*“), E-5/20).

Ágreiningur málsaðila reis eftir að fjölmargir váttryggingartakar framseldu váttryggingarkröfur sínar til norska váttryggingarmiðlans Söderberg & Partners AS í kjölfar gjaldþrots váttryggingafélagsins Gable Insurance AG, sem skráð var í Liechtenstein. Í kjölfar gjaldþrotsins lagði Söderberg & Partners AS fram kröfurnar sem forgangskröfur við slitameðferð Gable Insurance AG in Konkurs. Þegar skiptastjóri þrotabúsins véfengdi kröfurnar óskaði áfrýjunardómstóllinn eftir ráðgefandi áliti á því hvort váttryggingarkrafa haldi forgangsrétti við framsal til þriðja aðila með löggerningi.

EFTA-dómstóllinn taldi að 1. mgr. 275. gr. Solvency II tilskipunarinnar krefðist þess að EES-ríki tryggi að váttryggingarkröfur fái forgang fram yfir aðrar kröfur. Enn fremur benti EFTA-dómstóllinn á að hugtakið „váttryggingarkrafa“ þurfi að uppfylla fjögur eftirtalin skilyrði svo hún teljist slík, sbr. g-lið 1. mgr. 268. gr. Solvency II tilskipunarinnar: (1) hver sú fjárhæð; (2) sem váttryggingafélag; (3) skuldar váttryggðum, váttryggingartökum, rétt höfum eða öðrum sem eiga beina kröfu á váttryggingafélagið og (4) er til komin á grundvelli váttryggingarsamnings. EFTA-dómstóllinn tók tilgang forgangsreglunnar til skoðunar í víðara samhengi og taldi að möguleikinn á að framselja váttryggingarkröfur, sem geri váttryggingartökum og bótaþegum kleift að fá tafarlausar bætur greiddar, væri í samræmi við meginmarkmið Solvency II tilskipunarinnar. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að váttryggingarkröfur haldi forgangi jafnvel þegar þær eru framseldar til þriðja aðila með löggerningi.

Mál þetta mun nú fara aftur fyrir áfrýjunardómstól Liechtenstein sem mun dæma í málinu í ljósi túlkunar EFTA-dómstólsins á Solvency II tilskipuninni.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: eftacourt.int/cases/e-17-24/

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.